

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis
við Dimmuborgir, Skútustaðahreppi.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 24. júní 2015 tillögu að breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Dimmuborgir í Mývatnssveit.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að byggingarreitur þjónustuhúss er stækkaður og heimilt verður að reisa stakt salernishús innan reitsins til viðbótar við núverandi veitinga- og þjónustuhús. Jafnframt er bílastæðum fjölgað og staðsetningu þeirra breytt að hluta.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Skútustaðahreppi, 3. desember 2015.

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2015